

**I EES-STOFNANIR****1. Sameiginlega EES-nefndin**

2020/EES/14/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 273/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) .....	1
2020/EES/14/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) .....	3
2020/EES/14/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) .....	4
2020/EES/14/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) .....	5
2020/EES/14/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 277/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) .....	6
2020/EES/14/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 278/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) .....	8
2020/EES/14/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	10
2020/EES/14/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 280/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	12
2020/EES/14/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 281/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	14
2020/EES/14/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 282/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	16
2020/EES/14/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 283/2019 frá 13. desember 2019 hefur verið afturkölluð og er því skilin eftir auð .....	19

<b>2020/EES/14/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	20
<b>2020/EES/14/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	22
<b>2020/EES/14/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 286/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	24
<b>2020/EES/14/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 287/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	26
<b>2020/EES/14/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 288/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	28
<b>2020/EES/14/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 289/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	30
<b>2020/EES/14/18</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 290/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	31
<b>2020/EES/14/19</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	32
<b>2020/EES/14/20</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 292/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	33
<b>2020/EES/14/21</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 293/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	34
<b>2020/EES/14/22</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	36
<b>2020/EES/14/23</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 295/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	38
<b>2020/EES/14/24</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 296/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	39
<b>2020/EES/14/25</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 297/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	40

<b>2020/EES/14/26</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	43
<b>2020/EES/14/27</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	46
<b>2020/EES/14/28</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 300/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	48
<b>2020/EES/14/29</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	50
<b>2020/EES/14/30</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 302/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og Bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn .....	52
<b>2020/EES/14/31</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 303/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi) .....	55
<b>2020/EES/14/32</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 304/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) .....	58
<b>2020/EES/14/33</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 305/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) .....	60
<b>2020/EES/14/34</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 306/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) .....	61
<b>2020/EES/14/35</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 307/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) .....	66
<b>2020/EES/14/36</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 308/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) .....	67
<b>2020/EES/14/37</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) .....	68
<b>2020/EES/14/38</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) .....	69
<b>2020/EES/14/39</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 311/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn .....	72
<b>2020/EES/14/40</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 312/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) .....	74
<b>2020/EES/14/41</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 313/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	75
<b>2020/EES/14/42</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 314/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	76

2020/EES/14/43	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 315/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	77
2020/EES/14/44	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 316/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	78
2020/EES/14/45	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 317/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	79
2020/EES/14/46	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 318/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	81
2020/EES/14/47	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 319/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál) .....	83
2020/EES/14/48	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 320/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál) .....	85
2020/EES/14/49	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 321/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál) .....	87
2020/EES/14/50	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 322/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál) .....	89
2020/EES/14/51	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 323/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál) .....	90
2020/EES/14/52	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 324/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál) .....	91
2020/EES/14/53	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 325/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál) .....	93
2020/EES/14/54	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð) .....	94
2020/EES/14/55	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 327/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð) .....	96
2020/EES/14/56	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 328/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur) .....	98
2020/EES/14/57	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 329/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur) .....	99

## II EFTA-STOFNANIR

### 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

### 2. Eftirlitsstofnun EFTA

### 3. EFTA-dómstóllinn

## III ESB-STOFNANIR

### 1. Framkvæmdastjórnin

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 273/2019

2020/EES/14/01

frá 13. desember 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1099 frá 1. ágúst 2018 um breytingu á XI. viðauka við tilskipun ráðsins 2003/85/EB að því er varðar skrána yfir rannsóknarstofur sem hafa leyfi til að meðhöndla lifandi gin- og klaufaveikiveiru og um breytingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/136 að því er varðar heiti tilnefndrar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á gin- og klaufaveiki <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB) í hluta 3.1:

„– **32018 D 1099:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1099 frá 1. ágúst 2018 (Stjtíð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 11).“

2. Eftirfarandi er bætt við 48. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/136) í hluta 3.2:

„, breytt með:

– **32018 D 1099:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1099 frá 1. ágúst 2018 (Stjtíð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 11).“

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 11.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1099, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*)

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 274/2019**

2020/EES/14/02

frá 13. desember 2019

**um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1177 frá 10. júlí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning á gelatíni, bragðbætandi innvflaafurðum og bræddri fitu <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambands-ríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1177**: Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1177 frá 10. júlí 2019 (Stjtið. ESB L 185, 11.7.2019, bls. 26).“*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdareglugerðar (ESB) 2019/1177, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*)

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 185, 11.7.2019, bls. 26.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 275/2019**

2020/EES/14/03

frá 13. desember 2019

**um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1678 frá 4. október 2019 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) í hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 D 1678:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1678 frá 4. október 2019 (Stjtíð. ESB L 257, 8.10.2019, bls. 21).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1678, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 257, 8.10.2019, bls. 21.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 276/2019**

2020/EES/14/04

frá 13. desember 2019

**um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/990 frá 17. júní 2019 um breytingu á skránni yfir ættkvíslir og tegundir í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB, í II. viðauka við tilskipun ráðsins 2008/72/EB og í viðaukanum við tilskipun ráðsins 93/61/EBE <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verzlun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (tilskipun ráðsins 2002/55/EB) í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 L 0990**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/990 frá 17. júní 2019 (Stjttð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 14).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdartilskipunar (ESB) 2019/990, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 14.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 277/2019

2020/EES/14/05

frá 13. desember 2019

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/230 frá 7. febrúar 2019 um að leiðrétta tiltekna tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2330 um leyfi fyrir járn(II)karbónati, járn(III)klóríðhexahýdrati, járn(II)súlfatmónóhýdrati, járn(II)súlfatheptahýdrati, járn(II)fúmarati, járn(II)klósambandi af amínósýruhýdrati, járn(II)-klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósambandi af glýsínhýdrati sem fóðuraufni fyrir allar dýrategundir og járnextrani sem fóðuraufni fyrir smágrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 479/2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við 231. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2330) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32019 R 0230:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/230 frá 7. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 37, 8.2.2019, bls. 111).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/230, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 37, 8.2.2019, bls. 111.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gunnar Pálsson***

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 278/2019

2020/EES/14/06

frá 13. desember 2019

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/894 frá 28. maí 2019 um leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli* CGMCC 7.232, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 302. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1289) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„303. **32019 R 0894**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/894 frá 28. maí 2019 um leyfi fyrir L-þreóníni, sem er framleitt með *Escherichia coli*, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 63).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/894, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup><sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 63.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gunnar Pálsson***

formaður.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 279/2019****2020/EES/14/07****frá 13. desember 2019****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/478 frá 14. janúar 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar flokka sendinga sem eiga að falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið ákvæðum sem varða lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 11b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í hluta 1.1 í I. kafla og lið 31q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„breytt með:

- **2019 R 0478:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/478 frá 14. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 4).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 164. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„breytt með:

- **2019 R 0478:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/478 frá 14. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 4).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 4.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/478, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökuþingi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 frá 27. september 2019 <sup>(²)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Verður birt.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 280/2019

2020/EES/14/08

frá 13. desember 2019

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723 frá 2. maí 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar staðlaða fyrirmynd að eyðublaði sem á að nota í ársskýrslum sem aðildarríki leggja fram <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið ákvæðum sem varða lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/723 fellir úr gildi ákvörðun 2006/778/EB <sup>(2)</sup> og framkvæmdarákvörðun 2013/188/ESB <sup>(3)</sup>, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr EES-samningnum frá og með 14. desember 2019.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í hluta 1.1 í I. kafla:  
  
„11ba. **32019 R 0723**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723 frá 2. maí 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar staðlaða fyrirmynd að eyðublaði sem á að nota í ársskýrslum sem aðildarríki leggja fram (Stjútíð. ESB L 124, 13.5.2019, bls. 1).“
2. Eftirfarandi lið er bætt við lið 31q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í II. kafla:

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 124, 13.5.2019, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 314, 15.11.2006, bls. 39.<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 111, 23.4.2013, bls. 107.



„31qa. **32019 R 0723**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723 frá 2. maí 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar staðlaða fyrirmynd að eyðublaði sem á að nota í ársskýrslum sem aðildarríki leggja fram (Stjtið. ESB L 124, 13.5.2019, bls. 1).“

3. Texti 14. liðar (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/188/ESB) í hluta 9.1 í I. kafla og 4. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/778/EB) í hluta 9.2 í I. kafla fellur brott frá 14. desember 2019.

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 164. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„164a. **32019 R 0723**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723 frá 2. maí 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar staðlaða fyrirmynd að eyðublaði sem á að nota í ársskýrslum sem aðildarríki leggja fram (Stjtið. ESB L 124, 13.5.2019, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/723, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 frá 27. september 2019 (†), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(†) Verður birt.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 281/2019

2020/EES/14/09

frá 13. desember 2019

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamærafirtílsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið ákvæðum sem varða lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er liðum bætt við á eftir lið 11ba (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11bb. **32019 R 1602**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað (Stjtúð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6).

<sup>(1)</sup> Stjtúð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtúð. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1.

- 11bc. **32019 R 1666:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (Stjtið. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31qa (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/723) í II. kafla:
- „31qb. **32019 R 1602:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6).
- 31qc. **32019 R 1666:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (Stjtið. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 164a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „164b. **32019 R 1602:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6).
- 164c. **32019 R 1666:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (Stjtið. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/1602 og (ESB) 2019/1666, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 frá 27. september 2019 (²), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Verður birt.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 282/2019****2020/EES/14/10****frá 13. desember 2019****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfishluti þess (IMSOC-reglugerðin) <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 fellir úr gildi, frá 14. desember 2019, ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE, <sup>(2)</sup> 2004/292/EB <sup>(3)</sup> og 2005/123/EB <sup>(4)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 <sup>(5)</sup> og framkvæmdarákvarðanir (ESB) 2015/1918 <sup>(6)</sup> og (ESB) 2018/1553 <sup>(7)</sup>, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum frá 14. desember 2019.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1715 er mælt fyrir um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit (IMSOC), sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2017/625. Svo tryggja megi einsleitni og samræmda beitingu reglna um opinbert eftirlit á EES-svæðinu skulu EFTA-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA hafa aðgang að IMSOC.
- 7) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 11bc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666) í hluta 1.1 í I. kafla:

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37.<sup>(2)</sup> Stjtuð. ESB L 291, 7.10.1992, bls. 20.<sup>(3)</sup> Stjtuð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63.<sup>(4)</sup> Stjtuð. ESB L 39, 11.2.2005, bls. 53.<sup>(5)</sup> Stjtuð. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 7.<sup>(6)</sup> Stjtuð. ESB L 280, 24.10.2015, bls. 31.<sup>(7)</sup> Stjtuð. ESB L 260, 17.10.2018, bls. 22.

„11bd. **32019 R 1715**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtíð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna skulu hafa sama aðgang að IMSOC og lögbær yfirvöld aðildarríkja ESB.
- b) Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa aðgang að IMSOC.“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31qc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666) í II. kafla:

„31qd. **32019 R 1715**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtíð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna skulu hafa sama aðgang að IMSOC og lögbær yfirvöld aðildarríkja ESB.
- b) Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa aðgang að IMSOC.“

3. Texti liðar 11a (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1918) í hluta 1.1 í I. kafla, 12. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE) og 118. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB) í hluta 1.2 í I. kafla, 54. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011) í hluta 7.2 í I. kafla, liðar 31ja (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1918) og liðar 47a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011) í II. kafla, fellur brott frá 14. desember 2019.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 164c (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1666) í XII. kafla II. viðauka:

„164d. **32019 R 1715**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnunarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtíð. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna skulu hafa sama aðgang að IMSOC og lögbær yfirvöld aðildarríkja ESB.
- b) Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa aðgang að IMSOC.“

2. Texti liðar 54zzzia (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2015/1918/ESB) og 54zzzzzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2011 fellur brott frá 14. desember 2019.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1715, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökuþingi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 frá 27. september 2019, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gunnar Pálsson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 283/2019**

**2020/EES/14/11**

**frá 13. desember 2019**

**hefur verið afturkölluð og er því skilin eftir auð.**

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 284/2019

2020/EES/14/12

frá 13. desember 2019

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1139 frá 3. júlí 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit með matvælum úr dýraríkinu í tengslum við kröfur sem varða upplýsingar um matvælaferlið og lagarafurðir og tilvísun í viðurkenndar prófunaraðferðir fyrir sjávarlífeitur og prófunaraðferðir fyrir hrámjólk og hitameðhöndlaða kúamjólk <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið ákvæðum sem varða lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 134. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2074/2005) í hluta 1.1 í I. kafla og 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 6.2 í I. kafla og lið 31k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1139:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1139 frá 3. júlí 2019 (Stjtið. ESB L 180, 4.7.2019, bls. 12).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzk (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1139:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1139 frá 3. júlí 2019 (Stjtið. ESB L 180, 4.7.2019, bls. 12).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 180, 4.7.2019, bls. 12.



3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1139, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 frá 27. september 2019 (²), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gunnar Pálsson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Verður birt.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 285/2019

2020/EES/14/13

frá 13. desember 2019

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/552 frá 4. apríl 2019 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín, bísýklópýrón, klórmekvat, sýpródíní, dífenókónasól, fenpróprímorf, fenpýroxímat, flúóprýram, fosetýl, ísóprópríólan, ísóprýrasam, oxamýl, próbíókónasól, spínétóram, trífloxýstróbín og tríflúmesópýrím í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
